

Retrierverdeild HRFÍ



Skýrsla stjórnar 2007-2008

Lögð fram á ársfundi deildarinnar 14. febrúar. 2008 í Sólheimakoti

Stjórn og nefndir

Stjórn	Veiðinefnd	Sýninganefnd
Ástrós Gunnarsdóttir Dagur Jónsson Ellen Rut Ingimundardóttir Olgeir Gestsson Sigurður Magnússon	Guðmundur A. Guðmundsson Hlynur Hjaltason Ingibergur Þorvaldsson Ingólfur Guðmundsson Jóhann K. Birgisson Samúel Hermansson Þorsteinn Birgisson	Albert Gíslason Ólöf Ólafsdóttir

Starfsemi

Á síðasta starfsári voru haldnir 6 stjórnarfundir.
Stjórn sendi fulltrúa á 2 fulltrúaráðsfundi HRFÍ.

Ræktunarráð

Ræktunarráði bárust alls 10 pörunarbeiðnir á árinu og var þeim öllum svarað. Skráðir hvolpar í ættbók hjá HRFÍ árið 2007 voru: Labrador 132 úr 19 gotum og Golden 8 úr 1 goti.

Innflutningur

6 Labrador og 3 Golden.

Veiðinefnd

Veiðinefnd hélt nokkra fundi á seinasta ári. Nefndin lagði til starfs og fjárhagsáætlun fyrir stjórn deildarinnar fyrir árið 2008.

Mjaðma- og olnbogamyndir

Labrador

35 HD myndaðir	36 ED myndaðir
FRI: 24	FRI: 36
HD: 11	ED: 0
69% frí	100% frí

(2006)

54 HD myndaðir	49 ED myndaðir
FRI: 44	FRI: 45
HD: 10	ED: 4
88% frí	92% frí

Golden

10 HD myndaðir	9 ED myndaðir
FRI: 6	FRI: 6
HD: 4	ED: 3
60% frí	67% frí

(2006)

14 HD myndaðir	14 ED myndaðir
FRI: 12	FRI: 11
HD: 2	ED: 3
86% frí	78% frí

Flat-Coated

1 HD myndaðir	1 ED myndaðir
FRI: 1	FRI: 1
HD: 0	ED: 0
100% frí	100% frí

Augnskoðanir

Tvær augnskoðanir voru framkvæmdar á árinu. Alls mættu 67 retrieverhundar. 53 Labrador, 14 Golden. 2 tilfelli af arfgengu catarakt greindust, þar af 1 nýtt.

Reglur til ættbókaskráningar

Á árinu 2006 fór ræktunarstjórn fram á það við stjórn HRFÍ að gerðar yrðu breytingar á reglugerð um skráningu hunda í ættbók, samkvæmt beiðni ársfundar retrieverdeildarinnar. Breytingarnar voru tvær.

Undaneldisdýr skulu einnig olnbogamynduð fyrir pörun. Gildir það fyrir allar retrievertegundirnar.

Hin breytingin var sú að eftirtaldar
3 retrievertegundir:

Chesapeake Bay

Labrador

Nova Scotia Duck Tolling

skulu hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA.

Erfðagreiningafyrirtækið Optigen hefur framkvæmt þessi próf og hefur það nú fundið þetta gen í Golden. Mun stjórn deildarinnar leggja það til við stjórn HRFÍ að Golden muni þurfa undirgangast DNA skoðanir gagnvart PRA frá og með 1. júní nk. til að hvolpar, af þeirri tegund, geti fengið skráðir í ættbók HRFÍ.

Á árinu 2007 fóru 30 labradorhundar í þetta próf og greindust:

Normal/Clear: 27

Carrier: 3

Frá 01.01.2005 til 31.12.2007 hafa 73 labradorhundar farið í þetta próf.

Normal/Clear: 57

Carrier: 14

gPRA: 2

Heimasíða

Retrierverdeildin heldur úti mjög öflugri heimasíðu þar sem ýmsar upplýsingar eru til staðar um starfsemi deildarinnar ásamt fréttalista þar sem félagsmenn geta skráð sig á og fengið allar nýjustu fréttir. Deildin hefur yfir að ráða gagnagrunni sem vistaður er á heimasíðu deildarinnar. Í þessum grunni eru upplýsingar um árangur á sýningum, veiðiprófum og heilsufar. Mjaðmir, olnboga og augnskoðanir. Einnig eru upplýsingar um eigendur skv. ættbók, ættartafla og ýmsar upplýsingar um gotsystkini hunds og got undan viðkomandi hundi.

Ýmsar viðbætur hafa verið settar inn á síðuna. Ber þar helst að nefna:

- ✓ Spjallborð
- ✓ Fundagerðir og greinar hafa verið flokkaðar betur
- ✓ Niðurstöðum úr skapgerðamati hefur verið bætt við
- ✓ Upplýsingar um ræktendur eru orðnar ítarlegri
- ✓ Myndasíða hefur verið sett inn
- ✓ Tölfræði um skráningar og heilsufar
- ✓ Fréttirnar hafa verið flokkaðar

Heimasíðustjóri okkar Olgeir Gestsson á veg og vanda að vinnu við grunninn sem auðveldar hinum almenna félagsmanni til muna að afla sér upplýsinga um einstaka hunda með tilliti til ræktunar, því að þarna eru samankomnar allar upplýsingar sem fylgja ættbók hundsins.

Sýningar

4 sýningar voru haldnar á starfsárinu. 3 á vegum félagsins og ein deildarsýning.

Alls voru sýndir 237 retrieverhundar á þessum sýningum.

Veiðipróf

8 veiðipróf voru haldin vegum deildarinnar á starfsárinu og tóku alls 90 retrieverhundar þátt í þessum veiðiprófum.

Skapgerðarmat

Á starfsárinu hefur 1 retrieverhundur gengist undir skapgerðarmat.

Meistarar

Tveir meistarar litu dagsins ljós á árinu.

Chesapeak Bay - Beartown Handyman hlaut íslenska meistaranaufnbót, skandinavíska meistaranaufnbót og alþjóðlega meistaranaufnbót. Eigandi hans er Ingólfur Jakobsson.

Labrador - Kolkuós Dr. Finnur hlaut íslenska veiðimeistaranaufnbót. Eigandi hans er Guðmundur A. Guðmundsson.

Deildin óskar þeim til hamingju með árangurinn.

Lokaorð

Mikil gróska hefur einkennt liðið starfsár innan deildarinnar og mörgu verið komið í verk þó margt sé enn óunnið og ætlum við okkur stærri hluti til framtíðar. Því er að þakka því fólki sem er tilbúið að vinna fyrir deildina hvort heldur er í nefndum og stjórn eða á sýningum og veiðiprófum. Mig langar að lokum að þakka þeim sem létu af störfum fyrir veiðinefndina á árinu fyrir störf þeirra og bjóða þau sem koma inn til starfa í veiðinefnd og sýninganefnd velkomin. Einnig vil ég óska öllum þeim sem hafa náð góðum árangri með hunda sína á árinu til hamingju með ósk um áframhaldandi gott gengi.